

Mál nr. 118/2018**M og
V v/ hestatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við sundþjálfun hests eftir beinbrot.****Gögn.**

Málskot, móttækið 10.4.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 24.4.2018.

Málsatvik.

Í október 2016 varð hestur (A) í eigu M fyrir því að eitt af „capalbeinum“ innanfótar á vinstri framfæti brotnaði. Var A til meðferðar hjá dýralækni allt til ársloka 2017 vegna atviksins. M hafði í gildi hjá V sérstaka hestatryggingu sem samanstendur af nokkrum tegundum vátrygginga, þ. á m. sjúkrakostnaðartryggingu. Allur tilfallandi kostnaður M vegna meðferðar A hjá dýralækni mun hafa verið greiddur úr sjúkrakostnaðartryggingunni.

Haustið 2017 var A settur í sérstaka sundþjálfun hjá fyrirtækinu B, sem veitir slíka þjálfun fyrir hesta. Segir í fyrirliggjandi yfirlýsingu dýralæknis, sem annaðist meðferð hestsins, að sundþjálfunin hafi ekki verið endurhæfing heldur hluti af læknismeðferð A.

M hefur krafist greiðslu kostnaðar vegna sundþjálfunarinnar úr sjúkrakostnaðartryggingunni hjá V. V hefur hafnað greiðslu á þeim kostnaði.

Álit.

Í 1. gr. í skilmálum framangreindrar sjúkrakostnaðartryggingar er bótasvið vátryggingarinnar tilgreint og segir í gr. 1.1. að vátryggingin bæti læknskostnað vegna skoðunar og meðferðar hestsins vegna sjúkdóms eða slyss. Í 13. gr. almennra skilmála vátryggingarinnar er skilgreint hvað átt sé við með orðinu „læknskostnaður“ í vátryggingunni, en með orðinu sé átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Enn fremur falla undir slíkan kostnað lyf sem sömu aðilar afhenda eða ávísar vegna sjúkdóma og slysa. Af þessum ákvæðum vátryggingarskilmálanna má vera ljóst að kostnaður sem bætist úr vátryggingunni takmarkast við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi eins og nánar er tilgreint í ákvæðunum. Greiðslur til annarra aðila sem kunna að hafa annast hestinn vegna þeirra meiðsla sem hann hlaut umrætt sinn falla því utan bótasviðs vátryggingarinnar. Af gögnum málsins verður ekki séð að B sé dýralæknir, dýralæknastofa eða dýraspítali, en af því leiðir að greiðsla til B vegna sundþjálfunarinnar fæst ekki bætt úr vátryggingunni. Þessu getur fyrrgreind yfirlýsing dýralæknis ekki breytt. Skilmálaákvæði sem vísað er til af hálfu M um skyldu vátryggingartaka eða vátryggðs um að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að afstýra eða draga úr tjóni á ekki við um sjúkrakostnaðartryggingarþátt hestatryggingarinnar sem M hefur í gildi hjá V og hér er til skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkrakostnaðartryggingu hjá V vegna kostnaðar við sundþjálfun hests í hennar eigu.

Reykjavík, 15. maí 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður